

Ed.

777. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Um lán til hreppsfélaga.

1. gr.

Handhafaskuldabréf Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða þegar lokið er lánveitingastarfsemi sjóðsins, samkvæmt lögum nr. 78 1933 og síðari breytingum á þeim lögum, má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum. Bréfin skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til lánardrottins eða skuldareiganda til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er en frá 1. janúar 1936 og eigi er tryggt með fasteignaveði eða handveði. Sama gildir um greiðslu vixla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. jan. 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skuldabréf Kreppulánasjóðs. Bréfin skulu vera greinilega auðkennd frá þeim bréfum, sem áður hafa verið afhent eða afhent verða samkvæmt lögum nr. 78 1933 og breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Vextir skuldabréfanna skulu vera 5% á ári, og skal innlausn þeirra fylgja sömu reglum og segir í 2. gr. laga nr. 78/1933 að því leyti, sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

3. gr.

Á árinu 1936 skal stjórn Kreppulánasjóðs láta fram fara rannsókn á fjárhagsástæðum allra hreppsfélaga í landinu, og má verja fé því, er um getur í 1. gr., til þess að ná hagkvæmum samningum um eldri lán og skuldir hreppsfélaga, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsubæli.

4. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs hefir heimild til að gera skuldajöfnuð í fátækraskuldum milli sveitarfélaga, þar sem því verður við komið, og ennfremur að ákveða, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að felldar verði niður allt að 50% af fátækraskuldum þeirra sveitarfélaga, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru svo illa stödd fjárhagslega, að þeim verður eigi talið kleift að rísa undir frekari skuldbindingum.

5. gr.

Telji sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggt lán hreppsfélags breytt hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og ennfremur að eftirgjöf fái að meira eða minna leyti á óveð-

tryggðum og veðtryggðum skuldum hreppsfélags, er henni skylt að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að þær breytingar fáið, er hún telur nauðsynlegar, og skal sjóðstjórnin, þegar svo stendur á, fara eftir fyrirmælum 8.—18. gr. Kreppulánasjóðslaganna, að því leyti sem við getur átt og við verður komið að hennar dómi.

6. gr.

Nú hefir stjórn sjóðsins gert þær tilraunir, er í hennar valdi standa, til þess að fá þær eftirgjafir og breytingar á skuldum sveitarfélags, sem hún telur við þurfa til þess að koma fjárhag sveitarfélags á heilbrigðan grundvöll, en það hefir eigi tekizt, og skal hún þá senda atvinnumálaráðuneytinu skýrslu um tilraunir sínar í þessu efni, og skal ráðuneytið þá gera ráðstafanir til að gera fjárhag þess sveitarfélags upp samkvæmt lögum nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og er heimilt að veita hreppsfélagi lán úr sjóðnum til þess að greiða þann hluta skuldanna, sem því verður gert að greiða samkvæmt þessum lögum.

7. gr.

Vextir af lánnum þessum skulu vera 5 af hundraði á ári. Skilyrði fyrir lánveitingu til hreppsfélags og gögn þau, sem fylgja eiga lánbeiðni, eru hin sömu og greind eru í 10. og 11. gr. þessara laga, eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Um lán til bæjarfélaga.

8. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, að út megi gefa sérstakan flokk handhafaskuldabréfa Kreppulánasjóðs, að upphæð allt að 1½ milljón króna, og skal því fé varið til lánveitinga handa bæjarsjóðum kaupstaða landsins utan Reykjavíkur, til þess að ná hagkvæmum breytingum á þeim lánnum bæjarsjóða, hafnar-sjóða og annara stofnana, sem reknar eru fyrir reikning bæjarsjóðs, en þó eigi atvinnufyrirtækja.

Fjármálaráðherra ákveður gerð bréfanna og fjárhæð þeirra.

Vextir skuldabréfa þessara skulu vera 5% á ári, og skal innlausn þeirra fylgja sömu reglum og segir í 2. gr. laga nr. 78/1933, að því leyti sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

9. gr.

Skuldabréf þau, er í 8. gr. getur, skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til lánardrottins eða skuldareiganda á hverri þeirri skuld bæjarfélags og bæjarfyrirtækis, annars en atvinnufyrirtækis, sem eldri er en frá 1. janúar 1936 og ekki er með samningi tryggð með fasteignaveði eða með handveði. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda eldri en frá

1. jan. 1933 eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir, á sama hátt og önnur skulda-bréf Kreppulánasjóðs.

Þó eru bréf þessi eigi gildur gjaldeyrir til greiðslu þeirra lána, er veitt hafa verið sem rekstrarlán til atvinnufyrirtækja, er bæirnir reka sjálfir, eða hafa útvegað atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru á vegum þeirra, né heldur til greiðslu vinnulauna og kaupgjalds. Ákvæði þessarar málgreinar gilda einnig um hrepps-félög samkv. I. kafla þessara laga.

10. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr Kreppulánasjóði til bæjarfélaga er, að þeim sé lánveitingin nauðsynleg, að dómi sjóðsstjórnarinnar, til að koma fjárhag sínum á heilbrigðan grundvöll, og að hvert þeirra um sig geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda.

Úrskurði sjóðsstjórnar má þó skjóta til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Lánbeiðni til Kreppulánasjóðs skal vera komin í hendur sjóðsstjórnarinnar eigi síðar en 1. marz 1936, og skulu henni fylgja eftirfarandi gögn:

1. Síðasti rekstrar- og efnahagsreikningur bæjarsjóðs og annara stofnana kaupstaðarins, annara en atvinnufyrirtækja, og skulu reikningnum fylgja nákvæmar skýringar.
2. Sundurliðuð skrá yfir eignir bæjarfélagsins. Sé þar nákvæmlega tekið fram, hverjar fasteignirnar eru, hvert sé fasteignamat þeirra og hverjar breytingar hafa orðið frá síðasta fasteignamati, hvern arð eignirnar gefa, og enn fremur útistandandi kröfur og annað, sem máli skiptir.
3. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna bæjarfélagsins, og skal þá greina skuld-arupphæð, hvort skuld sé tryggð með veði eða ábyrgð og hver tryggingin sé, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
4. Sundurliðuð skrá yfir ábyrgðir bæjarfélagsins, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldum, og þess getið, hverjar líkur eru til, að ábyrgðirnar falli á bæjarsjóðinn.
5. Sundurliðuð skrá yfir skuldir og innicignir bæjarfélagsins við önnur bæjar- og sveitarfélög vegna fátækraframfærslu.
6. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

12. gr.

Nú telur sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, að nauðsynlegt sé að fá samningum um eldri sammingsbundin og veðtryggð lán bæjarfélags breytt, hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og er sjóðsstjórninni þá heimilt, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að skuldareigendur þeir, er í hlut eiga, breyti lánskjörunum eða greiðsluskilmálunum á þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur við þurfa.

13. gr.

Vextir af lánnum bæjarfélaga skulu vera 5 af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, þó aldrei lengri en 12 ár.

Afborgunarskilmálum skal haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfanna.

Gjalddagi skal vera 15. nóvember ár hvert, og fara fyrstu afborganir fram 15. nóvember 1937. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. desember næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

14. gr.

Meðan undirbúningur lánveitinga fer fram, og lánveitingar standa yfir, skal stjórn sjóðsins skipuð aðalbankastjóra Búnaðarbankans og tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar.

Þóknun til stjórnarinnar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Umsóknarfrestur um lán samkvæmt I. og II. kafla laga þessara skal vera til 1. júlí 1936, og lánveitingum lokið fyrir 31. des. sama ár. Eftir 1. jan. 1937 annast stjórn Búnaðarbankans um stjórn sjóðsins án endurgjalds.

15. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um fyrirkomulag og annað, er snertir lánveitingar til kaupstaða og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumv. þetta að beiðni atvinnumálaráðherra, og aðalástæðurnar fyrir því, að frumv. er fram komið, eru þessar:

Svo sem kunnugt er, er fjárhagur fjölmargra kaupstaða og hreppa mjög erfiður, og hefir fjöldi þeirra beint og óbeint farið fram á stuðning og hjálp frá ríkinu. Um 10 sveitarfélög eru nú þegar ýmist tekin til uppgerðar samkvæmt lögum frá 1933 um fjárþröng sveitarfélaga, eða verða að takast nú á næstunni. Mörg sveitarfélög hafa fengið uppgjöf samkv. ákvæðum fátækralaganna og fjöldi sveitarfélaga er í vanskilum með lán sín og skuldbindingar. Alkunnugt er og, að langflest sveitarfélög eru að hætta að greiða fátækraskuldir sínar til annara sveitarfélaga. Þegar nú breyting sú verður á framfærslulöggjöfinni, sem ráðgert er, að fram gangi á þessu þingi, þykir rétt að gera þá einnig ráðstafanir til þess, að fjárhagur sveitar- og bæjarfélaganna verði tekinn til athugunar í því sambandi, fátækraskuldirnar gerðar upp, greiddar og jafnaðar eða felldar niður að einhverju leyti, allt eftir því, sem bezt verður talið henta með tilliti til þess tvenns, að þau sveitarfélög, sem þessar skuldir eiga, tapi sem minnstu, og að hinum, sem skuldirnar eiga að greiða, verði þó ekki íþyngt um of.

Erfiðleikar síðustu ára hafa neytt sveitar- og bæjarfélögin til að taka stutt, dýr og óhagkvæm lán til þess að bjargast í bili, en á þeirri braut verður nú ekki lengra haldið, og gerir frv. þetta ráð fyrir því, að þeim lánnum verði breytt

í langt, vaxtalágt lán, sem tryggt er á sama hátt og kreppulán bænda. Þó er rikissjóði ekki ætlað að standa neinn straum af vaxtagreiðslu þessara lána, heldur er bæjar- og sveitarfélögunum ætlað að gera það sjálfum.

Glögggt yfirlit hefir ekki fengizt um lausar skuldir hreppsfélaga, en þó eru þær 1933, í árslok, taldar vera ca. 400 þús. krónur. Ógreiddar fátækraskuldir milli sveitarfélaga munu vera 750 þús. til 1 millj. króna. Má því gera ráð fyrir að um 1 millj. króna muni þurfa til hjálpar hreppsfélögunum í þessu skyni.

Um kaupstaðina 7 eru aftur á móti til yfirlit frá því í ár, og eru lausar skuldir þeirra taldar vera þær, er hér segir:

Akureyri	221 þús. kr.
Hafnarfjörður	108 — —
Ísafjörður	108 — —
Neskaupstaður	128 — —
Seyðisfjörður	204 — —
Siglufjörður	241 — —
Vestmannaeyjar	116 — —

Samtals 1426 þús. kr.

Við þessar skuldir hefir vafalaust bætzt eitthvað síðan, svo gera má ráð fyrir, að nú séu þær um 1½ millj. króna.

Önnur leið virðist vart tiltækilegri en sú, sem hér er ætlazt til, að farin verði, til þess að breyta lánnum bæjar- og hreppsfélaganna úr óhagkvæmum, dýrum og dreifðum smálánnum í löng, vaxtalág og hagkvæm lán. Mundi þetta, ef að lögum yrði, mjög verða til þess að rétta við hag sveitarfélaganna, auk þess sem brýn nauðsyn ber til þess nú, þegar ný framfærslulöggjöf er sett, að gera til fulls upp hinar gömlu fátækraskuldir, sem undanfarin ár hefir verið velt milli sveitarfélaganna og nú eru orðnar í mestu vanskilum.

Undir umræðunum í málinu mun verða nánar vikið að þeim rökum, sem að máli þessu hniga.

Nefndin vill taka það fram, að einstakir nefndarmenn eru óbundnir með að bera fram við frumvarpið breytingartillögur og að fylgja tillögum, sem bornar kunna að verða fram til breytinga á því.